

Auglýsing úr Speglinum febrúar 1928.

NÝI FORD

GREINILEG LÝSING Á HINUM NÝJA VAGNI.

Snúið yður til P. Stefánssonar.

Elsta og þekktasta Ford bílasala á Íslandi, Lækjartorgi 1.

Á sömu stundu og þjer sjáið nýja Ford verðið þjer hrifnir af lágri en línufagurri byggingu hans og nýjum fallegum litasamsetningum. – Þannig á nútímavagn að líta út hugsíð þjer. –

Þegar þjer setjist við stýrið í hinu rúmgóða bílstjórásæti og hefjið ferð fyrstu yðar í nýja Ford er yður ljóst að nú hafið þjer fengið vagn sem tekur fram öllum öðrum vögnum við sama verði.

Sú tilfinning sem þjer fáíð af hraða og orku vagnsins fyllir yður vellíðan og ánægju. Þjer takið eftir að þjer akið nú vagni sem fær er í allan sjó og getur orðið við öllum óvæntum kröfum.

Þjer gleðjist yfir því með hve miklum mjúkleika og öryggi hann þýtur af stað í þrengslum og umferð stórborgarinnar, hve eldfljótt hann brunar fram þegar stjórnandi umferðarinnar gefur merki og þjer stigið fæti á stillirinn. Hinn jafni, rólegi gangur á ósléttum vegi vekur undrun yðar. – Þjer getið ekið í hægðum yðar eða þotið áfram með 80 – 90 kílómetra hraða, klukkustund eftir klukkustund alveg eins og yður lystir. Nýi Ford getur látið í tje óvenjulegan hraða, á því er enginn vafi.

Viðkunnanlegur, lágur, hraðamikill vagn sem fullnægir ströngustu kröfum.

Þjer akið leikandi upp brattar brekkur sem yður hefði ekki dottið í hug að fara á hæsta gíri í vagni sem er jafn ódýr. Þjer akið fram hjá vögnum sem yður hefði aldrei dottið í hug að fara fram úr. Þjer akið langar leiðir án þess að þreytast. Nýi Ford er gleðilind allra bifreiðamanna.

Það er einnig önnur ástæða til þess að enginn vagn við sama verði jafnast á við nýja Ford – mjög þýðingarmikill fyrir alla bílaeigendur. Hjá honum fer sem sje alt saman, þol, ending og varanleikur.

Nýi Ford er bygður með tilliti til þess að þola akstur svo þúsundum kílómetra skiftir á allskonar vegum. – Hann er enn sterkari en T - vagninn því vjer höfum lært að gera sjerhvernt hlut sterkari og haldbetri en áður án þess að nauðsynlegt væri að auka þungann eða framleiðslukostnaðinn. Margir T – vagnar eru enn í fullri notkun eftir 100.000, 150.000 og 250.000 kílómetra akstur. Ekki verður nýi Ford eftirbátur þeirra. Henry Ford segir sjálfur; „Það er oss kappsmál að hver vagn sem fer af verkstæðum vorum sje svo sterkur og vel smíðaður að kaupandinn þurfi aldrei að fá sjer nýjan.”

Fjór hjólahemlar og standard gírkassi.

Í því sem hjer fer á eftir er fullkomin lýsing á nýja Ford. Lesið þjer hana nákvæmlega, sjerstaklega þau atriðin sem fjalla um hina nýju vjel, nýju yfirbyggingarnar, nýja gírkassann, nýju fjór hjóla-hemlana, nýja kveikjuckerfið, nýju skiftinguna og nýja þur-diska-tengslíð.

Ákveðið að eyða að minsta kosti einum stundarfjórðungi í það að kynnast nýja Ford. Það er vagninn í dag og vagninn 1930 – tískuvagninn í besta skilningi – bygður og settur saman í því augnamiði að fullnægja öllum kröfum nútímans.

NOKKRAR UPPLÝSINGAR UM NÝJA FORD.

90 – 105 kílómetrar á klukkustund.

Nýi Ford getur í tje látið óvenjulegan hraða. Hann fer ljettilega 90 – 105 km. á klukkustund. Þetta eru þó næsta hófleg ummæli því í mörgum reynsluferðum á sveitavegum hefir hann farið hraðar en 105 km. á klukkustund. Nýi Ford fer svo vel á vegi að þjer getið ekið langar leiðir með miklum hraða þægilega og fullkomlega örugt. Jafnvel á slæmum vegum getið þjer haldið hinum mikla hraða. Þjer munuð verða steinhissa yfir því hve ljettilega þjer rennið upp brekkurnar. Yður dettur ekki í hug að kvíða fyrir snarbröttum brekkum því þjer vitið að nýi Ford yðar á nægilega orku til þess að bruna yfir þær allar án þess að minka hraðann neitt verulega, án þess að ofbjóða vjelinni og án þess að skifta um gír.

40 hestafla vjel

Með 2200 snúningum á mínútu framleiðir hin nýja 4 strokka Fordvjel 40 hestöfl. Þessi snúningsfjöldi er að tiltölu lítill og sýnir að vjelin hefir til að bera óvenjulega orku. Hann hefir líka áhrif á endinguna því þess minni sem snúningshraðinn er, því minna slitnar vjelin. – Þvermál hvers strokks er 9,8425 cm. en slaglengdin 10,795 cm.

Afburðafljót hraðaukning.

Nýi Ford er óvenju fljótur að auka hraðann. Við reynslu á Tudor Sedan vagni með 2 farþegum í jókst hraðinn á 8 ½ sek. Úr 8 km. upp í 40 km.

Hvernig hristingi er afstýrt.

Þetta er sumpart að þakka því hve snúningshraðinn er lítill, sumpart hinu nákvæma jafnvægi sveifássins og sumpart því að bullurnar eru úr aluminium. Til þess að fá hljóðlausan gang eru sveifás – og kvistás tannhjólin gerð úr trefjaefni (Fiber) í staðinn fyrir úr málm og kvistarnir í kvistaásnum eru smíðaðir þannig að lokalyfturnar fylgja þeim vel eftir.

Lítill bensíneyðsla.

Nýi Ford eyðir 1 lítra af bensíni á 9 – 13 km. akstri eftir því hvað hratt er farið. Bensínið rennur sjálfkrafa til „karburatorsins“ úr logsoðnum stálgeymir sem er áfastur við hvalbakinn.

Nýir fjórhjólahemlar.

Hemlarnir á nýja Ford eru sjerstök uppfinning hans. Þeir eru af vjelvirkri útþenslugerð og sjálf - „miðjandi“. Þetta er áreiðanlegasta og einfaldasta tegund sem til er af fjórhjólahemlum og auðveldust í allri meðferð. Stillingin fer fram að utan án þess að neitt þurfi upp að taka. Engin sjerverkfæri þurfa til þess. Samræm og rjett stilling fyrir öll fjögur hjól er mjög auðfengin. Bæði fót og handhemill verka á öll fjögur hjólin. Samanlagður hemlaflöturinn er 1084 fercentimetrar. Cadmium húð er á öllum starfandi hlutum hemlanna til þess að fyrirbyggja ryð.

Standard kúlu – gír.

Skiftingin á nýja Ford er Standard og eru hraðastigin þrjú áfram og eitt aftur á bak. Aðalásinn liggur í kúlulegum, milliásinn í keflalegum og afturábakgírið í bronse hólk. Þetta er áreiðanlega sú besta sameining á legum sem til er og þess vegna óvanaleg á litlum vögnum. Öll tannhjól eru búin til úr þar til hertu „króm“stáli: þjer verðið hissa á hinum ljettu og hávaðalausú gírskiftum – aðeins lítið eitt ýtt við gírstönginni.

Nýtt smurningsfyrirkomulag alveg einstætt.

Smurningskerfið er einnig sjerstök Ford – uppfinning og er það haganlegt samband af dæluþeyti og dropasmurningu. Dælan þrýstir olíunni upp í lokahúsið, þaðan drýpur hún af eigin þunga niður í aðallegur sveifássins. Olíuasa er sett neðst á allar bullustengurnar og við sveifásveltuna flyst olían inn í allar legur bullukólfanna og jafnframt skvettist olían yfir alla hreyfanlega hluti vjelarinnar. Þetta er einföld og ugglaus smurningsaðferð og fá allar legur og strokkar þannig nægilega smurningu þrýstingslaust.

Örugg kæling

Á nýja Ford er miðflóttaaflsdæla og stór kælikassi. – Blævængurinn er með flugvjelaskrúfusniði og er knúinn af dæluásnum. Það er mjög erfitt að ofhita hinar nýju Fordvjarar og það verður naumast gert nema með sjerstökum trassaskap, t. d. með því að láta vjelina ganga án nægilegrar smurningsolíu.

Nýtt kveikjufyrirkomulag

Kveikjan á nýja Ford er líka einstæð og sjerlega einföld og svo að segja tryggir vagneigandanum hið fylsta öryggi með örlitlu eftirliti. Þar er aðeins um eina induktions – spólu að ræða, tryggilega vatnsvarða. Straumskiftirinn er ofan á vjelinni og er auðvelt að ná til hans. Leiðslurnar í rafkertin eru stuttir bronsgormar. Öryggislásinn er í kveikju hringrásinni og er ekki aðeins venjulegur straumrofi heldur jarðtengir hann einnig alt kveikju – kerfið. – Stálstrengur milli rofans og straumskiftisins verndar

aðalleiðsluna. Þessi leiðsla er jarðtengd þegar rofinn er lokaður og við það er ómögulegt að tengja strauminn utan við rofann þegar reynt er að setja vjelina í gang án lykils.

Þur diskatengsli.

Tengslin á nýja Ford eru af þurdiskagerðinni – þeirri áreiðanlegustu sem til er. Það er líka hægst að fara með hana vegna þess að hún tengir saman rólega og rykklaust. Fjórir diskar knýja og 5 eru knúðir.

Þægilegar, öruggar þverfjaðrir.

Fjaðrirnar eru hálf-sporbjúgar og sjerstaklega smíðaðar fyrir nýja Ford. – Þessi gerð fjaðra sem einnig var í T-vagninum er notuð í nýja Ford af þeim ástæðum að engar eru betri til. Þær eru búnar til úr ágætasta fjaðrastáli og blöðin eru breið og þunn. Blaðafjöldi og breidd þeirra fer eftir hinum mismunandi yfirbyggingum til þess að ná sem mestu fjaðurmagni í hverri gerð vagnanna. Stærð og fjöldi þessara stálfjaðra á ekki hvað síst þátt í því að nýi Ford er svo mjúkgengur. Gerð þverfjaðranna veitir einnig fjórhjóláhæmlunum aukið öryggi og afl.

Vökvaprýsti-hemlar á fjöðrunum.

Meðal Standard-útbúnaðar á nýja Ford eru líka vökvaprýsti-hemlar á fjöðrunum af allra bestu gerð. Þessir hemlar á hinum nýju þverfjöðrum ásamt því hve þungamiðjan liggur neðarlega og hve lítill sá hluti vagnsins er sem ekki hvílir á fjöðrum eiga mikinn þátt í því hve mjúkur og þýður hinn nýji Ford er.

Fallegar, lágar yfirbyggingar.

Vagnbolir nýja Fords og línurnar í þeim eru alveg með Evrópu sniði. Þeir eru úr stáli og aurlífarnar af svokallaðri „krónu“-gerð. Útbúnaðurinn að innan er svo vandaður að slíkt er sjaldgæft í vögnum við sama verði. Fóðrið er úr völdu, sterku efni og stoppun mjúk og þægileg. Dyra og glugga-handföng eru öll nikkelhúðuð. – Hraðamælir, bensín-mælir, rafstraumsmælir og kveikjutippi er komið fyrir á nikkelhúðuðu mælaborði sem lýst er upp með lampa í miðju. Fram-ljósker og kælir eru vandlega nikkelhúðuð. Lokuðu vagnarnir eru með sóhlíf og þakið á þeim er hvelft. Það hefir verið mikil áhersla lögð á það að gera sætin sem rýmst og þægilegust og fá gott rúm fyrir fæturnar. Vegna þess hve hliðarstöðirnar eru grannar er óhindruð útsjón úr bílstjórásætinu fram fyrir bílinn og til hliðanna gegnum hina stóru dyraglugga.

Margvíslegir litir.

Allar tegundir fólksbíla má fá með margskonar fallegum litum og er það óvanalegt um vagna í lægri verðflokki.

Gljávöðan er Pyroxylin – ein sú ágætasta og endingarbesta sem unt er að fá. Hún er ónæm fyrir hita og kulda og verður tæplega sködduð eða rispuð. Gljáinn eykst við fægingu.

Hljóðlaus gangur.

Það hefir verið lagt hið mesta kapp á að gera ganginn í nýja Ford sem hljóðlægstan. Dyra- og gluggakarmar eru vandlega logsóðnir og sinklaðir við vagnbolinn þar sem mest á reynir. Ford-vagnarnir eru smíðaðir frá grunni með það fyrir augum að tryggja hljóðlausan gang og öll möguleg þægindi.

Fituælu-smurning.

Grindin er smurð með þrýstismurningu sem er hin einfaldasta og áhrifamesta smurningsaðferð sem til er.

Standard útbúnaður á öllum Ford-bílum.

Raflýsing og rafkveikja.
Fimm vírhjól.
Sjálfvirk gluggaþurka
Hraðamælir
Bensín-mælir
Rafstraumsmælir

Mælaborðslampi
Glöggvunarspegill
Aftur- og stöðvunar-ljósker.
Olúmælir.
Kveikjulás.
Verkfærakassi.